

Samningur milli tónhöfundar og Þjóðleikhússins um frumsamda tónlist

Samningur þessi er á milli _____, hér eftir nefn/nefndur tónhöfundur og leikhússins.

Nánari upplýsingar um tónhöfund:

Kennitala: _____

Heimilisfang: _____

Bankaupplýsingar: _____

Tónhöfundur greiðir sjálfur skatta og önnur opinber gjöld af greiðslum skv. samningi þessum, enda er hér um að ræða verktakasamnings sem skapar ekki launþegasamband milli aðila.

1. gr. Pöntun tónlistar

Leikhúsið pantar hér með eftirfarandi frumsamda tónlist frá tónhöfundi:

Nánari lýsing: _____

til að nota við leikverkið _____, sem ætlunin er að setja upp við leikhúsið á leikárinu _____

2. gr. Skil tónlistar

Fyrstu drögum af tónlistinni skal skilað í síðasta lagi til leikhússins þann _____

Fullbúinni tónlist skal skilað til leikhússins á þeim tíma sem leikstjóri ákveður, en í síðasta lagi þann _____

Tónlistinni skal skilað á eftirfarandi formi:

Greiðslur vegna útsetninga tónhöfundar sem nauðsynlegar eru til að geta skilað tónlistinni fullbúinni í því formi sem tilgreint er í samningi aðila, eru innifaldar í greiðslum skv. 3. gr.

Óski leikhúsið síðar eftir frekari útsetningarvinnu en tilgreind er í 2. gr. samnings þessa, skal greiða tónhöfundi aukalega fyrir slíka vinnu á sama hátt og greitt er fyrir aðra vinnu tónhöfundar skv. 6. gr. Skal tónhöfundur eiga forgang að slíkri vinnu áður en leikhúsið býður hana öðrum útsetjara.

3. gr. Greiðsla

Fyrir verkefnið greiðir leikhúsið:

- við undirskrift samnings þessa kr. _____ (½ fjárhæðar)
- við skil fullbúinnar tónlistar kr. _____ (½ fjárhæðar)

4. gr. Önnur vinna

Ef tónhöfundur er ætlað að taka að sér vinnu er tengist t.d. æfingaferli eða framleiðslu tónlistar í verkinu s.s. vegna upptöku, hljóðfæraleiks eða tónlistarstjórnar, skal nánari lýsing á þeirri vinnu koma fram hér:

Fyrir slíka vinnu skal greitt skv. kjarasamningi Fjármálaráðherra f.h. Ríkissjóðs og Félags íslenskra Hljómlistarmanna um þóknun til hljómlistarmanna fyrir hljóðfæraleik á leiksýningum við æfingar og upptökur í Þjóðleikhúsinu, skv. framlagðri tímaskrá tónhöfundar.

Að öðru leyti en hér greinir skal samningur STEFs og Þjóðleikhússins um frumsamda tónlist gilda.

Staður og dagsetning: _____

Tónhöfundur:

F.h. Þjóðleikhússins:
